

Reykholahreppur
Þórður Már Sigfússon
Maríutröð 5a
380 Reykholahreppur

Reykjavík, 19. nóvember 2021
UST202110-187/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga – Kynning á aðalskipulagi Reykholahrepps 2021 – 2033 - Heildarendurskoðun

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Reykholahrepps er barst 20. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að heildarendurskoðun á aðalskipulagi Reykholahrepps 2021 - 2033.

Hverfisvernd

Í greinargerð, í kafla þar sem fjallað er um A-hluta náttúruminjaskrár, vill Umhverfisstofnun benda á að hverfisverndarsvæði eru skipulagsákvörðun sveitarfélagsins, sbr. skipulagsreglugerð nr. 90/2013 líkt og kemur fram í greinargerð, en falla ekki undir A-hluta náttúruminjaskrár og því jafnvel eðlilegra að fjalla um hverfisverndarsvæði í sér kafla.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Í greinargerð á þemaupprætti (bls. 90) eru sýnd svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. grein laga um náttúruvernd og að mati Umhverfisstofnunar er nauðsynlegt að skýringar fylgi upprættinum. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um á nákvæman hátt í greinargerð hvaða vistkerfi og jarðminjar falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, ákvæði laganna og fjallað sé um réttaráhrif svæða sem falla undir greinina.¹

Umhverfisstofnun bendir á að í 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er fjallað um vistkerfi og jarðminjar sem falla undir sérstaka vernd laganna. Eftirtalin vistkerfi njóta sérstakrar verndar í samræmi við markmið 2. gr., sbr. og c-lið 3. gr. náttúruverndarlaga:

- a. votlendi, svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar, 20.000 m² að flatarmáli eða stærri, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að flatarmáli eða stærri, og sjávarfitjar og leirur.
- b. sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré.

¹ <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>

Eftirtaldar jarðminjar njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr., í samræmi við markmið 3. gr., náttúruverndarlaga:

- a. eldvörp, eldhraun, gervigígar og hraunhellar sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma.
- b. fossar og nánasta umhverfi þeirra að því leyti að sýn að þeim spillist ekki, hverir og aðrar heitar uppsprettur ásamt lífríki sem tengist þeim og virkri ummyndun og útfellingum, þar á meðal hrúðri og hrúðurbreiðum.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvæðingabæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask svæða sem falla undir sérstaka vernd sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir.

Umhverfisstofnun bendir á að ef landnýtingaráætlunin gerir ráð fyrir röskun á svæðum sem falla undir sérstaka vernd þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum svæðum sem skoðuð hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu áætlunarinnar og ástæðum þess að þau urðu ekki fyrir valinu.

Framræsing votlendis á landbúnaðarsvæðum

Í greinargerð kemur fram að framræsing votlendis sé aðeins heimil ef hún er forsenda matvæla- eða fóðurframleiðslu eða vegna samfélagslega mikilvægra þarfa. Að mati Umhverfisstofnunar eru skilmálar tillögunnar hvað þetta varðar óljósir og bendir stofnunin á mikilvægi þess að litið sé til ákvæða 61. gr. náttúruverndarlaga við gerð og ákvörðun skilmála. Eins og skilmálarnir eru lagðir fram mætti líta svo á að heimilt sé að ræsa fram votlendi vegna túnræktar og bygginga gróðurhúsa, svínabúa o.s.frv.

Auk þess vill stofnunin benda á að í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skal stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða. Umhverfisstofnun bendir á að margar votlendisvistgerðir, eins og starungsmýravist, hafa mjög hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps. Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og hvaða leiðir verði farnar í skilmálum varðandi framræingu votlendis á landbúnaðarlandi til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna.

Frístundabyggð og verslun

Í greinargerð kemur fram að ný frístundabyggðasvæði skuli vera utan svæða sem tilgreind eru í 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og einnig skal forðast að hrófla við birkiskógum eða kjarri vöxnum svæðum við framkvæmdir. Í greinargerð (bls. 34) segir að stuðlað verði að aukinni bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi með því að standa vörð um útbreiðslu náttúruskóga, líffræðilega fjölbreytni og óröskuð votlendi. Auk þess er vísað í markmið laga nr. 33/2019 um skóga og skógrækt sem er að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra.

Umhverfisstofnun bendir á að á innan F-12, F-38, VP-4 (heilsuhótel) eru votlendi sem falla undir sérstaka vernd, 61. gr. náttúruverndarlaga, auk þess liggur reiturinn F-38 ofan í Kýlónsvatni á Hafrafelli. Auk þess er á svæðum F-16, F-24, F-26, F-30 og F-34 náttúrulegur birkiskógur.

Umhverfisstofnun telur að tillagan geti raskað votlendinu og birkiskógi og bendir stofnunin á mikilvægi þess að tillagan sé yfirfarin, tekið sé tillit til ákvæða 61. gr. náttúruverndarlaga, og valin séu utan svæða sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

Framkvæmdaleyfi

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki sbr. 3. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. sömu laga. Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við.

Afrit af útgefnu leyfi

Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga. Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Tillaga að framkvæmdaáætlun (B-hluta)

Umhverfisstofnun bendir á að þau svæði sem eru á kortasjá NÍ² eru einungis tillögur og ekki er um að ræða gildandi B-hluta náttúruminjaskrár þar sem tillögurnar hafa ekki hlotið þá málsmeðferð sem um getur í lögum þar sem m.a. er haft samráð við sveitarfélögin, landeigendur og aðra hagsmunaaðila en áður en tillögurnar verða lagðar fyrir Alþingi verður haft samráð við áðurnefnda aðila.

² [Náttúruminjaskrá \(ni.is\)](http://natturuminjaskra.ni.is)

Hins vegar er það mat stofnunarinnar að mikilvægt sé að hafa þær upplýsingar fyrir ofangreint svæði til hliðsjónar þegar skipulagsáætlunin er unnin, þegar áhrif á helstu umhverfisþætti eru metin og til að draga eins og kostur er úr neikvæðum áhrifum á verndargildi svæðisins. Auk þess bendir stofnunin á að þegar framkvæmdaáætlun (B-hluti) náttúruminjaskrár verður samþykkt af Alþingi getur það haft áhrif á verndarstöðu þeirra svæða sem tillagan nær til.

Óbyggð víðerni

Í greinargerð kemur fram að víðerni hafa ekki verið friðlýst eins og heimilt er skv. 46. gr. laga um náttúruvernd en landsskipulagsstefna kveður á um að við skipulagsgerð sveitarfélaga verði þess gætt að mannvirki og umferð um hálendið skerði víðerni og önnur sérkenni og náttúrugæði hálendisins sem minnst. Auk þess segir í greinargerð að umrædd lagagrein sé hins vegar opin fyrir túlkun og því ekki að fullu ljóst hvers konar mannvirki verða til þess að víðerni skerðist.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að friðlýsingarflokkurinn óbyggð víðerni samsvarar flokki Ib, óbyggðir (e. wilderness area), í flokkunarkerfi IUCN. Til flokks Ib teljast svæði sem venjulega eru stór og bera jafnan óveruleg sýnileg ummerki um umsvif mannsins. Þar er ekki varanleg eða umtalsverð búseta og verndun og stjórnun svæðanna miðar að því að varðveita náttúrulegt ástand þeirra.

Við túlkun á hugtakinu *óbyggð víðerni* ber að líta til 19. töluliður 5. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, sbr. og 1. gr. laga nr. 43/2020.

Með 1. gr. laga nr. 43/2020 var gerð breyting á skilgreiningu hugtaksins *óbyggð víðerni* á þann veg að orðunum „að jafnaði“ var bætt framan við orðin *í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum* [...]. Skilgreiningin á hugtakinu *óbyggð víðerni* í 19. tölulið 5. gr. laga nr. 60/2013 er eftirleiðis svohljóðandi:

Óbyggt víðerni: Svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja og að jafnaði í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum.

Í greinargerðinni með frumvarpinu, sem varð að lögum, nr. 43/2020 kemur m.a. fram að upplifun víðerna er mikilvægur hluti af hugtakinu og sérstaklega er áréttað að meginforsenda þess að unnt sé að friðlýsa svæði sem óbyggt víðerni sé ávallt sú að afar lítil ummerki um athafnir manna séu innan viðkomandi svæðis.

Varðandi ástæðu breytingarinnar á skilgreiningunni, þá segir í greinargerðinni að eins og ákvæðið var orðað áður gátu mannvirki og önnur tæknileg ummerki í allt að 5 km fjarlægð í einum firði/dal komið í veg fyrir að svæði í næsta firði/dal gæti verið skilgreint sem *óbyggð víðerni*, þrátt fyrir að landfræðilegar aðstæður væru þannig að mannvirkið sæist ekki frá hinu óbyggða víðerni.

Fjarlægðarmörkin tóku enda mið af loftlínum en ekki landfræðilegum aðstæðum.

Umhverfisstofnun bendir á að eftir breytinguna á skilgreiningu hugtaksins „óbyggt víðerni“ er nú mögulegt að taka tillit til landfræðilegra aðstæðna við skilgreiningu á óbyggðum víðernum, þ.e. nú geta mannvirki verið innan 5 km fjarlægðar frá mörkum óbyggðs víðernis, svo framarlega sem þau hafi ekki áhrif á verndargildi þess. Breytingunni er m.ö.o. ætlað að hafa þau áhrif að hægt sé að friðlýsa svæði sem uppfyllir

öll skilyrði sem óbyggt víðerni þótt mannvirki séu til staðar í innan við 5 km fjarlægð frá mörkum svæðisins. Það þarf að meta í hverju tilviki fyrir sig hvort mannvirki, sem er utan fyrirhugaðs friðlýsts svæðis en innan fjarlægðarmarka, hafi áhrif á flokkun þess í viðkomandi friðlýsingarflokk. Ef svo er þá er ljóst að meginforsenda þess að flokka svæði sem óbyggt víðerni er ekki uppfyllt og kemur sá friðlýsingarflokkur ekki til greina fyrir viðkomandi svæði. Ef mannvirkið hefur hins vegar engin áhrif á svæðið sem fyrirhugað er að friðlýsa er hægt að rökstyðja flokkun þess sem óbyggt víðerni þó svo að umrætt mannvirki sé ekki í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mörkum svæðisins.

Það athugist að í núgildandi lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd, með síðari breytingum, er ekki gerður greinarmunur á gerð mannvirkja að öðru leyti en því hver áhrif þeirra eru á verndargildi hins óbyggða víðernis.

Eins og áður segir er upplifun mikilvægur hluti hugtaksins og í verndargildi óbyggðra víðerna felst því ekki einungis að ummerkja mannsins skuli gæta lítið sem ekkert og að náttúran skuli fá að þróast án álags af mannlegum umsvifum heldur felst verndargildið jafnframt í því að fólk, bæði núlifandi sem og komandi kynslóðir, geti notið þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja, sbr. 46. gr. náttúruverndarlaganna.

Skógrækt og náttúruvernd

Í greinargerð er sýnd tafla (bls. 55) yfir samningssvæði Skógræktarinnar.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að þessi svæði séu sýnd á uppdrætti skipulagstillögunnar, en samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 90/2013 segir að skógræktar- og landgræðslusvæði (SL) séu þau svæði sem eru fyrir *skógrækt og landgræðslu, svo sem nytjaskógrækt, fjölnytjaskógrækt, landbótaskógrækt, skjólbelti, landgræðsluskógrækt, skipulagða landgræðslu og aðra uppgræðslu.*

Kolefnisjöfnun

Í greinargerð kemur fram að sett er fram stefna um aukna bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi með því að standa vörð um náttúruskóga, líffræðilega fjölbreytni og óröskuð votlendi. Umhverfisstofnun telur jákvætt að sjá að í tillögu að aðalskipulagi er gerð grein fyrir jarðvegi á skipulagssvæðinu, honum skipt í flokka eftir gæðum og vistkerfum og jafnframt lagt til að frjósamasta landi sem einnig geymir mikið kolefni verði varðveittur og sett eru skilyrði um að ekki megi ræsta fram votlendi nema nota eigi viðkomandi svæði til matvælaframleiðslu. Við bindingu kolefnis er víða um heim lögð mikil áhersla á varanleika kolefnisbindingar í jarðvegi eða gróðri verði tryggður og má telja að hér taki sveitarfélagið skref í þá átt að láta kolefni bundið í jarðvegi vera áfram óhreyft. Umhverfisstofnun telur þessi atriði til fyrirmyndar.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitu og skólp. Einnig bendir stofnunin á að þar sem þörf er á úrbótum í fráveitumálum þarf að koma fram hver stefna sveitarfélagsins er varðandi endurbætur og hver tímarammi endurbóta er.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að þar sem talað er almennt um hreinsun fráveituvatns ætti frekar að nota orðið fráveita eða hreinsivirki í stað rotþróar þar sem rotþró er aðeins einn hluti hreinsunar og er ekki nægjanleg sem hreinsun frá einstaka húsum.

Úrgangur

Umhverfisstofnun bendir á að umhverfis- og auðlindarráðherra gaf út, í júní 2021, nýja stefnu í úrgangsmálum sem nefnist *Í átt að hringrásarhagkerfi*.³

Þegar kemur að innleiðingu hringrásarhagkerfis, í úrgangsmálum á Íslandi, er um að ræða tvær stefnur ráðherra sem mynda sameiginlega heildarstefnu í úrgangsmálum. Annars vegar stefna um úrgangsförvarnir, sem kom út í fyrsta sinn árið 2016 undir heitinu *Saman gegn sóun*⁴, og hins vegar stefnan um meðhöndlun úrgangs. Saman mynda þessar stefnur eina heildarstefnu í úrgangsmálum sem nefnist: *Í átt að hringrásarhagkerfi*. Sú stefna kemur í stað landsáætlunar um meðhöndlun úrgangs 2013–2024, í samræmi við breytingar sem gerðar voru árið 2014 á lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003.

Svæðisáætlun

Samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs kemur fram að sveitarstjórn, ein eða fleiri í sameiningu, skuli semja og staðfesta svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir viðkomandi svæði til tólf ára í senn. Jafnframt kemur fram að svæðisáætlun skuli fylgja stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsförvarnir og að þar skuli m.a. koma fram upplýsingar um stöðu úrgangsmála á viðkomandi svæði, aðgerðir til að bæta endurnotkun, endurnýtingu og förgun og upplýsingar um hvernig sveitarstjórn hyggst ná markmiðum stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsförvarnir.

Umhverfisstofnun telur æskilegt að fjallað sé um svæðisáætlunina sem sveitarfélagið er þátttakandi í, forsendukafla aðalskipulagsins og hvernig skipulagsáætlunin samræmist svæðisáætluninni.

Vegir í náttúru Íslands

Með tillögunni fylgir þemauppdráttur af tillögu sveitarfélagsins af vegum í náttúru Íslands, sbr. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að sé um að ræða veg með tímabundna og/eða takmarkaða notkun skal tilgreint sérstaklega það tímabil sem heimilt er að nota veg og í hvaða tilgangi sé heimilt að nota veginn, s.s. við smalamennsku, veiði, eftirlit og viðhald orku- og veitumannvirkja eða rannsóknir.

Umhverfisstofnun vill benda á leiðbeiningar Skipulagsstofnunar varðandi þennan þátt á heimasíðu stofnunarinnar.⁵

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að ljóst er að á næstu árum verða miklar vegaframkvæmdir á svæðinu frá Þorskafirði að Melanesi. Þegar þeim er lokið munu núverandi vegir standa eftir og mun Vegagerðin að öllum líkindum taka þessa vegi af skrá og hætta að sinna umsýslu og nauðsynlegu viðhaldi þessara vega. Umhverfisstofnun telur að í umræddu aðalskipulagi eigi að fjalla um þessi aflögðu mannvirki og hvernig og ekki síst hver muni annast þessi mannvirki. Á öðrum stöðum við Vestfjarðaveg hafa styttri

³ <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-ogskrar/Stefna%20um%20me%C3%B0h%C3%B6ndlun%20%C3%BArgang%202021-2032%20090621.pdf>

⁴ https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/PDF_skrar/Saman-gegn-soun-2016_2027.pdf

⁵ https://www.skipulag.is/media/vegir-i-natturu-islands/vegirinatturuislands_v4.pdf

vegkaflar verið felldir að landi og afmáðir eins og kostur er. Ef sveitarfélagið vill halda eftir vegi eins og t.d. Ódrjúgshálsi ætti að geta þess í skipulaginu ef ekki þá ætti að koma fram hvernig sveitarfélagið ætlist til að Vegagerðinn skili þessum mannvirkjum af sér þegar þar að kemur. Of oft má sjá aflagða vegi og brýr verða að eignum í hirðuleysi og lýti í umhverfinu að mati stofnunarinnar.

Landbúnaðarsvæði í Flatey

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að landbúnaðarsvæði (L-2) nær til friðlandsins í Flatey og því mikilvægt að settir séu sérskilmálar sem samræmast friðlýsingarskilmálum friðlandsins. Umhverfisstofnun bendir á að í 12. gr. auglýsingar fyrir friðlandið í Flatey segir: „*Allar framkvæmdir, þ.m.t. mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi og sjó innan friðlandsins eru háðar leyfi Reykhólahrepps sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög um mannvirki nr. 160/2010 og Umhverfisstofnunar sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Hefðbundin landnotkun ábúenda er heimil, þ.e. nýting æðarvarps, grasnytjar og fjárbeit svo sem verið hefur. Sjálfbærni skal höfð að leiðarljósi við landnotkun. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við gildandi skipulag og stjórnunar- og verndaráætlun.*“

Göngu- og reiðleiðir

Í greinargerð er fjallað um göngu- og reiðleiðir, auk þess eru þær sýndar á uppdrætti. Sunnan við þéttbýli Reykhóla er vinsælt fuglaskoðunarsvæði og eru þar nú þegar ýmsar gönguleiðir.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að göngu – og reiðleiðir séu lagðar á þeim svæðum sem valda sem minnstu raski á votlendi, lífríki og fuglalífi. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að svæðið frá Miðhúsa höfða vestur að Sauranesi, þar sem göngu- og reiðleiðin liggur um, eru fjölmörg votlendissvæði og tjarnir sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga og votlendisvistgerðir sem hafa hátt verndargildi og eru mikilvæg búsvæði fugla.

Umhverfisstofnun telur að göngu- og reiðleið á þessu svæði geti valdið töluverðu raski á votlendi, tjörnum og viðkvæmu landi og valdið álagi á búsvæði fuglanna og því mikilvægt að vanda til verka.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að valdar sé þær leiðir sem hafa sem minnst rask á gróður, raski ekki votlendissvæðum sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga, að valdar séu leiðir á þurru landi og að stígar falli vel að landslagi. Auk þess er mikilvægt að það komi fram að umferð vélknúinna ökutækja sé óheimil á útivistarstígum.

Vatnsvernd

Umhverfisstofnun bendir á að nú er unnið að innleiðingu laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn og strandsjó, auk jökla). Þau mynda ramma utan um aðra löggjöf er varðar verndun vatns.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að sveitarfélagið setji sér þau markmið að öll vatnshlot í sveitarfélaginu séu í góðu ástandi og ástand þeirra rýrni ekki og er það í samræmi við markmið ofangreindra laga og vatnaáætlunar.

Þungamiðjan í lögum um stjórn vatnamála er sú krafa að öll vatnshlot skulu vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi (yfirborðsvatn), góðu efnafræðilegu ástandi (yfirborðsvatn og

grunnvatn) og hafa góða magnstöðu (grunnvatn) ásamt þeirri kröfu að vatnsgæði rýrni ekki. Manngerð og mikið breytt yfirborðsvatnshlot skulu hafa gott vistmegin og efnafræðilegt ástand þeirra skal vera gott. Þetta eru þau umhverfismarkmið sem öll vatnshlot eiga að uppfylla.

Umhverfisstofnun bendir á að virkjanir flokkast sem vatnsformfræðileg breyting á vatnshloti, en slíkar breytingar geta valdið álagi á vistfræðilegt ástand vatnshlotsins. Umhverfisstofnun bendir einnig á að efnistaka í ám getur valdið vatnsformfræðilegu álagi á lífríki straumvatna

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála segir, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skuli vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Efnistaka

Í greinargerð segir að landeiganda sé heimilt að taka efni til eigin nota án þess að fá framkvæmdaleyfi eða að náma sé skilgreind í aðalskipulagi. Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að skilgreina hvað átt er við með orðalaginu, til eigin nota, hver skilningur sveitarstjórnar sé með orðalaginu minniháttar efnistaka og hvernig sú efnistaka sé flokkuð og hvernig sveitarfélagið hyggst framfylgja stefnunni, þá sérstaklega varðandi efnistöku á verndarsvæðum. Varðandi efnistöku í ám og vötnum bendir Umhverfisstofnun á að efnistaka getur valdið vatnsformfræðilegu álagi á lífríki straumvatna.

Í greinargerð segir að að loknum vinnslutíma skal ganga snyrtilega frá efnistökusvæði þannig að sem best falli að umhverfi (bls. 42) og vanda skal frágang allra efnistökusvæða (bls. 43). Umhverfisstofnun bendir á að við frágang efnistökusvæða væri æskilegt að líta til leiðbeininga um efnistöku og frágang sem má nálgast á vefsíðunni [namur.is](#).

Loftslagsstefna

Umhverfisstofnun vill einnig benda á að í 5. gr. c. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál segir, að sveitarfélög skuli setja sér loftslagsstefnu, þar sem stefnan skal innihalda skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjöfnun starfseminnar ásamt aðgerðum svo að þeim markmiðum verði náð.

Vindorkuver í Garpsdal

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að stofnunin veitti umsögn varðandi tillögu að matsáætlun varðandi verkefnið til Skipulagsstofnunar dags. 30. apríl 2019⁶ og vegna breytingar á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna sömu framkvæmdar dags. 15. janúar sl.⁷

Vatnsorkuver í Garpsdal

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að stofnunin veitti umsögn varðandi matsskyldufyrirspurn vegna vatnsorkuvers í Garpsdal til Skipulagsstofnunar dags. 13.

⁶ https://ust.is/library/Skrar/Umsagnir/Mat-a-umhverfisahrifum/Mat_%C3%A1_umhverfis%C3%A1hrifum_-_Tillaga_a%C3%B0_mats%C3%A1%C3%A6tlun_-_vindorkugar%C3%B0ur_-_Garpsdalur_-_Ums%C3%B6gn.pdf

⁷ <https://ust.is/library/sida/umhverfisstofnun/Tillaga%20-%20Breyting%20c3%a1%20a%20c3%b0alskipulagi%20Reykh%20c3%b3lahrepps%202006-2018%20-%20Vindorkuver%20c3%ad%20Garpsdal.pdf>

september 2019⁸ og vegna breytingar á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna sömu framkvæmdar dags. 12. október 2020.⁹

Vestfjarðavegur

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að stofnunin veitti umsögn varðandi framkvæmd Vestfjarðavegar milli Bjarkalundar og Skálaness til Skipulagsstofnunar dags. 1. desember 2016.¹⁰

Virðingarfyllt

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingu

⁸ https://ust.is/library/Skrar/Umsagnir/Mat-a-umhverfisahrifum/M%20c3%81U%20Vatnsaflsvirkjun_vi%20c3%b0_M%20c3%ba%20c3%ad_Garpsdal_-_Ums%20c3%b6gn.pdf

⁹ <https://ust.is/library/sida/umhverfisstofnun/Tillaga%20-%20breyting%20c3%a1%20a%20c3%b0alskipulagi%20Reykh%20c3%b3lahrepps%202006-2018%20og%20n%20c3%bdt%20deiliskipulag%20-%20Vatnsaflsvirkjun%20c3%ad%20Garpsdal.pdf>

¹⁰ https://ust.is/library/Skrar/Umsagnir/Mat-a-umhverfisahrifum/Vestfjarðavegur_011216.pdf